

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu í samkeppni.

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. apríl 1996.

I. KAFLI

NMT-farsímakerfið.

1. Farsímaþjónusta.

Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og notkunargjald.

- 1.1. Stofngjald er kr. 9.390,00 fyrir hvert númer og greiðist við úthlutun þess.
- 1.2. Afnotagjald er kr. 1.220,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.
- 1.3. Viðtökugjald án númeraskipta er kr. 5.275,00, enda beri nýi símnotandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum skuldum.
- 1.4. Óski handhafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1.870,00.
- 1.5. Notkunargjald fyrir sjálfvirka þjónustu til og frá farsímakerfinu er skrefagjald, kr. 2,67 fyrir hvert skref, 12 sek. í skrefi innanlands og gjald tekið fyrir hvert byrjað skref.
- 1.6. Notkunargjald fyrir hringingar í símatorg er samkvæmt gjaldskrá fyrir viðkomandi símatorg að viðbættum kr. 12,00 fyrir hverja mínútu eða brot úr mínútu.
- 1.7. Gjald fyrir sjálfvirkt símtal úr NMT-farsímakerfinu til útlanda er eins og gjald til viðkomandi lands úr almenna kerfinu að viðbættum kr. 12,00 á mínútu eða brot úr mínútu.
- 1.8. Fyrir notkun á íslenskum NMT-farsíma erlendis er greitt samkvæmt gjaldskrá í viðkomandi landi.
- 1.9. Fyrir innkomin símtöl í íslenskan NMT-farsíma erlendis greiðir rétthafi farsímans símtalagjald samkvæmt gildandi gjaldskrá frá Íslandi til viðkomandi lands.

2. Frístundafarsími.

Frístundafarsími er þjónusta innan NMT-farsímakerfisins þar sem stofngjald og afnotagjald er lægra en fyrir venjulegan farsíma. Hentar vel fyrir þá sem vilja nota símann utan venjulegs vinnutíma og sem öryggistæki í sumarbústöðum og á ferðalögum.

- 2.1. Stofngjald er kr. 2.000,00 fyrir hvert númer og greiðist við úthlutun þess.
- 2.2. Afnotagjald er kr. 400,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi leyfð frá tilteknum degi skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.
- 2.3. Notkunargjald til og frá frístundafarsíma milli kl. 18:00 og 08:00 virka daga og frá kl. 18:00 á föstudegi til kl. 08:00 á mánudegi er skrefagjald, 12 sek. í skrefi innanlands og gjald tekið fyrir hvert byrjað skref.

Ef hringt er úr frístundafarsíma milli kl. 08:00 og 18:00 virka daga eru 4 sek. í skrefi og gjald tekið fyrir hvert byrjað skref. Ef hringt er í frístundafarsíma úr almenna síma-

kerfinu eða venjulegum farsíma á sama tíma greiðir sá sem hringir venjulegt farsímagjald.

- 2.4. Notkunargjald fyrir hringingar í símatorg er samkvæmt gjaldskrá fyrir viðkomandi símatorg að viðbættum kr. 12,00 fyrir hverja mínútu eða brot úr mínútu.
- 2.5. Ef frístundanúmeri er breytt í venjulegt NMT-farsímanúmer þarf að greiða mismun á stofngjaldi.
- 2.6. Ef venjulegu NMT-farsímanúmeri er breytt í frístundanúmer þarf að greiða kr. 1.870,00.
- 2.7. Gjald fyrir sjálfvirkt símtal úr frístundafarsíma til útlanda er eins og gjald til viðkomandi lands úr almenna kerfinu að viðbættum kr. 12,00 á mínútu eða brot úr mínútu.
- 2.8. Fyrir notkun á íslenskum NMT-frístundafarsíma erlendis er greitt samkvæmt gjaldskrá í viðkomandi landi.
- 2.9. Fyrir innkomin símtöl í íslenskan NMT-frístundafarsíma erlendis greiðir rétthafi farsímans símtalagjald samkvæmt gildandi gjaldskrá frá Íslandi til viðkomandi lands.

3. Sérþjónusta í sjálfvirka farsímakerfinu.

Sækja þarf sérstaklega um sérþjónustu og er hún án sérstaks stofngjalds.

- 3.1. Læsing til útlanda.
- 3.1.1. Ársfjórðungsgjald kr. 153,00.
- 3.2. Símtalaflutningur.
Hægt er að fá eftirfarandi tegundir símtalsflutnings sem er án afnotagjalds:
 - a. Flutningur á öllum símtölum.
 - b. Flutningur ef ekki er svarað.
 - c. Flutningur ef númer er upptekið.

Rétthafi farsímans greiðir ekkert fyrir símtal sem er flutt úr NMT-kerfinu í almenna símakerfið eða í annað númer í NMT-farsímakerfinu. Ef símtal er flutt í númer í GSM-kerfinu greiðir rétthafi gjald miðað við 20 sek. í skrefi fyrir flutt símtal.

4. Sundurliðun reikninga í sjálfvirka farsímakerfinu.

Rétthafa er gefinn kostur á að fá sundurliðun símtala. Á sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, að slepptum tveimur síðustu stöfum, hvenær, hve lengi símtalið stóð og verð símtalsins. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.

- 4.1. Símtöl til útlanda.
- 4.1.1. Ársfjórðungsgjald kr. 150,00.
- 4.1.2. Gjald pr. símtal kr. 1,00.
- 4.2. Öll símtöl.
- 4.2.1. Ársfjórðungsgjald kr. 150,00.
- 4.2.2. Gjald pr. símtal kr. 1,00.

II. KAFLI

GSM-farsímakerfið.

GSM-farsímakerfið er stafrænt sem gefur möguleika á talsímaþjónustu innanlands, milli landa og á ferðalögum erlendis.

1. Farsímaþjónusta.

- 1.1. Stofngjald er kr. 3.500,00 fyrir hvert númer og greiðist við úthlutun þess og fær notandi þá afhent SIM-kort, sem er aðgangskort að farsímakerfinu. Notanda í NMT-kerfinu gefst kostur á að gerast notandi í GSM-kerfinu gegn kr. 1.870,00 stofngjaldi, óháð því hvort hann heldur áfram að vera NMT-notandi eða ekki. Ef SIM-kort týnist eða eyðileggst þá þarf að greiða fyrir nýtt kort kr. 1.000,00.
- 1.2. Afnotagjald er kr. 1.525,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi leyfð frá tilteknum degi skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.
- 1.3. Óski rétthafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir númeraskipti kr. 1.870,00.
- 1.4. Notkunargjald fyrir sjálfvirka þjónustu til og frá farsímakerfinu er skrefagjald, hvert skref kr. 2,67 og er tekið fyrir hvert byrjað skref. Frá kl. 08:00 til 18:00 mánudag til föstudags eru 8 sek. í skrefi innanlands en 12 sek. á öllum öðrum tímum.
- 1.5. Notkunargjald fyrir hringingar í símatorg er samkvæmt gjaldskrá fyrir viðkomandi símatorg að viðbættum kr. 12,00 fyrir hverja mínútu eða brot úr mínútu.
- 1.6. Gjald fyrir sjálfvirkir símtal úr GSM-farsímakerfinu til útlanda er eins og gjald til viðkomandi lands úr almenna kerfinu að viðbættum kr. 12,00 á mínútu eða brot úr mínútu.
- 1.7. Fyrir notkun á íslenskum GSM-farsíma erlendis er greitt samkvæmt gjaldskrá í viðkomandi landi að viðbættu 15% álagi.
- 1.8. Fyrir innkomin símtöl í íslenskan GSM-farsíma erlendis greiðir rétthafi farsímans símtalagjald samkvæmt gildandi gjaldskrá frá Íslandi til viðkomandi lands.

2. Sérþjónusta í stafræna farsímakerfinu.

Sækja þarf sérstaklega um sérþjónustu og er hún án sérstaks stofngjalds.

- 2.1. Læsing með lykilorði.
- 2.1.1. Ársfjórðungsgjald kr. 153,00.
- 2.2. Símtalaflutningur.

Hægt er að fá eftirfarandi tegundir símtalsflutnings sem er án afnotagjalds ef farsíminn er innanlands:

 - a. Flutningur á öllum símtölum.
 - b. Flutningur ef ekki er svarað.
 - c. Flutningur ef númer er upptekið.
- 2.3. Númerabirting og númeraleynd.
- 2.3.1. Númerabirting: Þeir sem eru áskrifendur að þessari þjónustu geta séð númer þess sem hringir hverju sinni, nema sá sem hringir noti sérþjónustuna númeraleynd. Þegar hringt er frá útlöndum eða úr NMT-farsíma koma númerin ekki fram. Hafa ber í huga að sumar eldri gerðir farsíma leyfa ekki númerabirtingu.

Ársfjórðungsgjald: kr. 153,00.
- 2.3.2. Númeraleynd: Áskrifendur að þessari sérþjónustu senda ekki númer sitt þegar þeir hringja úr GSM-síma sínum.

Ársfjórðungsgjald: kr. 153,00.

3. Sundurliðun reikninga í stafræna farsímakerfinu.

Rétthafa er gefinn kostur á að fá sundurliðun símtala. Á sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, að slepptum tveimur síðustu stöfum, hvenær, hve lengi samtalið stóð og verð símtals. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.

- 3.1. Ársfjórðungsgjald kr. 150,00.
- 3.2. Gjald pr. símtal kr. 1,00.

III. KAFLI

Boðkerfi.

Í boðkerfinu eru afgreidd sjálfvirk boðköll til tón-, talna- og stafaboðtækja, auk þess er í boði ýmis sérþjónusta.

Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og notkunargjald.

1. Boðkallsþjónusta.

- 1.1. Stofngjald er greitt fyrir hvert boðkallsnúmer og greiðist það við úthlutun boðkallsnúmersins.
 - 1.1.1. Stofngjald fyrir tónboðtæki: kr. 4.000,00.
 - 1.1.2. Stofngjald fyrir talnaboðtæki: kr. 4.000,00.
- 1.2. Ársfjórðungsgjald greiðist fyrirfram fyrir hvert boðkallsnúmer. Verði almenn breyting á afnotagjaldi leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.
 - 1.2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir tónboðtæki: kr. 890,00.
 - 1.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir talnaboðtæki: kr. 1.110,00.
- 1.3. Viðtökugjald er kr. 2.700,00 enda ber nýi boðkerfisnotandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum skuldum.
- 1.4. Skráningargjald fyrir breytt boðkallsnúmer er kr. 1.110,00.
- 1.5. Skráningargjald fyrir breytingar, kr. 555,00 greiðist í hvert sinn sem beðið er um eina eða fleiri breytingar á boðtækisnúmeri, aðgangsnúmeri og einstökum boðtækisnúmerum í hópalli.

Metið er hverju sinni hvort hægt sé að verða við óskum um breytingar.
- 1.6. Notkunargjald fyrir hvert boðkall er 3 skref, hvert skref kr. 2,67.

2. Einkaboðtæki.

Einkaboðtæki eru bæði fyrir tón- og talnaboð.

- 2.1. Skráningargjald: kr. 1.600,00.
- 2.2. Ársfjórðungsgjald er ekki tekið.
- 2.3. Notkunargjald er skrefagjald og tekin eru 12 skref fyrir hvert boðkall, hvert skref kr. 2,67.
- 2.4. Breyting á venjulegu boðkallsnúmeri í einkaboðkallsnúmer kostar kr. 1.600,00.
- 2.5. Ef einkaboðkallsnúmeri er breytt í venjulegt boðkallsnúmer þarf að greiða kr. 2.400,00.

Áskilinn er réttur til þess að loka einkaboðkallsnúmeri að 2 árum liðnum frá skráningu ef meðaltalsnotkun er minni en nemur 10 boðköllum á mánuði á tímabilinu. Notanda verður tilkynnt um lokunina með 2 mánaða fyrirvara og getur hann þá endurnýjað skrásetningu eða breytt áskrift skv. gr. 2.5.

3. Stafaboðkallsþjónusta.

Með stafaboðkallsþjónustu er hægt að nota boðkerfið til þess að senda bókstafi og tölustafi til stafaboðtækis, tölustafi til talnaboðtækis og tónboð til tónboðtækis með hjálp tölvu og mótalds.

Samskipti eru um almenna símakerfið. Nota má einföld samskiptaforrit fyrir handvirkan samskiptamáta eða TAP/PET samskiptastaðal fyrir sjálfvirk uppköll. Í fyrstu er aðeins veitt almenn boðkallsþjónusta, stafaboðköll allt að 80 stöfum, talnaboðköll að hámarksfjölda tölustafa í þeirri þjónustu og tónboðköll.

- 3.1. Stofngjald fyrir stafaboðkallstæki: kr. 3.500,00.
- 3.2. Ársfjórðungsgjald: kr. 2.000,00.
- 3.3. Notkunargjald er skrefagjald, hvert skref kr. 2,67. Hvert skref er 3 sek. og tekið eitt skref við svar.

4. Sérþjónusta í boðkallskerfinu.

Gildir einvörðungu fyrir tón- og talnaboðtæki.

- 4.1. Endurtekning boðkalls. Til þess að tryggja enn betur að boðkall greinist í boðtæki er hægt að endurtaka það sjálfvirk (venjulega innan nokkurra sek.).
 - 4.1.1. Stofngjald: kr. 1.110,00.
 - 4.1.2. Ársfjórðungsgjald: kr. 110,00.
- 4.2. Hópkall: Hægt er að senda boðkall til allt að 10 boðtækja í einu, með því að hringja í svokallað hópkallsnúmer. Þegar hringt er í hópkallsnúmerið eru öll boðtækin í hópnum kölluð upp í röð, á sjálfvirkan hátt. Boðtækin í hópnum hafa einnig eigið boðkallsnúmer, sem notuð eru ef koma á boðum til einstakra tækja í hópnum. Öll boðtæki innan hvers hóps verða að vera eins, þ.e. annað hvort öll tónboðtæki eða öll talnaboðtæki.
 - 4.2.1. Stofngjald fyrir hópkallsnúmer: kr. 11.085,00.
 - 4.2.2. Stofngjald fyrir hópkallsnúmer, sé samtímis greitt stofngjald fyrir öll boðtækisnúmerin í hópnum: kr. 5.545,00.
 - 4.2.3. Ársfjórðungsgjald fyrir hópkall: kr. 1.325,00.
 - 4.2.4. Notkunargjald fyrir hvert boðkall er 3 skref, hvert skref kr. 2,67.
Áskilinn er réttur til þess að hafna ósk um hópkall að einhverju eða öllu leyti.

IV. KAFLI

Almenna gagnaflutningsnetið.

Á almenna gagnaflutningsnetinu eru gögn send í formi pakka, hver með vistfangi viðtakanda. Skiptistöðvar eru víðs vegar um landið og notendur eru ýmist tengdir þeim með beinum línunum eða þeir velja sig inn á netið gegnum sjálfvirka símakerfið. Í flestum tilvikum þarf mótald á báða enda línunnar sem tengir notanda við skiptistöð. Grunnbandsmótöld fyrir hraða allt að 19200 b/s er hægt að nota á notendalínu, sem er stutt frá næstu gagnanetsstöð (um 3 km). Mótaldið í skiptistöð leggur Póst- og síma-málastofnunin til og er gjaldið fyrir það innifalið í gjaldskránni. Notandi leggur til mótald á sinn enda, nema fyrir 64000 b/s hraða, en þá er það innifalið í gjaldskránni. Gjaldskráin nær einungis til gjalda fyrir innanlandsnotkun, en gjöld fyrir gagnaflutning milli landa eru ákveðin hverju sinni í samræmi við alþjóðasamninga og gengisskráningu.

1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir afnot af gagnaflutningsnetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

1.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25.

Hraði (b/s)	2400	4800	9600	14400	19200 ¹	64000 ²	128000 ²	256000 ²
Stofngjald kr.	23.280,00	32.150,00	46.565,00	55.430,00	64.305,00	123.190,00	146.600,00	172.300,00

1.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD).

Hraði (b/s)	300	1200	2400	4800	9600	14400	19200 ¹
Stofngjald kr.	13.530,00	16.070,00	18.180,00	21.180,00	24.165,00	26.215,00	28.265,00

1.1.3. Ef breytt er úr X.3/X.28 í X.25 eða hraði aukinn skal greiða mismun á stofngjaldi samkvæmt þessari gjaldskrá.

1.1.4. Fyrir fjölrásanotkun á notandalínu greiðist 775,00 krónur fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 1.1.1.).

1.1.5. Þeir sem tengjast gagnaflutningsnetinu með innhringingu greiði skráningargjald sem er kr. 2.215,00.

1.1.6. Skráningargjald fyrir úthringigátt er kr. 2.215,00.

2. Afnotagjald.

2.1. Ársfjórðungsgjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

2.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25.

Hraði (b/s)	2400	4800	9600	14400	19200 ¹	64000 ²	128000 ²	256000 ²
Ársfj.gj. kr.	11.645,00	16.630,00	23.280,00	28.270,00	33.260,00	60.525,00	72.200,00	85.000,00

2.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD).

Hraði (b/s)	300	1200	2400	4800	9600	14400	19200 ¹
Ársfj.gj. kr.	4.320,00	5.235,00	5.825,00	6.740,00	7.565,00	8.150,00	8.730,00

2.1.3. Ársfjórðungsgjald fyrir innhringingu í gagnaflutningsnetið er kr. 880,00.

2.1.4. Ársfjórðungsgjald fyrir úthringigátt er kr. 880,00.

2.1.5. Fyrir fjölrásanotkun á einni notandalínu greiðist kr. 145,00 á ársfjórðungi fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 2.1.1.).

2.2. Fast gjald er tekið fyrir hvert samband en síðan er greitt fyrir gagnaflutning eftir því hve langan tíma hann tekur og hversu mikið er flutt.

2.2.1. Gjald fyrir hvert samband er 57 aurar.

2.2.2. Tímagjald er miðað við mínútu. Fyrir hverja byrjaða mínútu er tímagjaldið 10,4 aurar.

a) Ef hringimótald er notað (sbr. 1.1.5.), skal greiða kr. 0,90 á mínútu til viðbótar.

b) Fyrir notkun á úthringigátt í gagnanetinu skal greiða kr. 1,60 á mínútu.

2.2.3. Gjaldeining gagnaflutnings heitir gagnasneið og er hver sneið 64 átta bita bæti. Gjald fyrir hverja byrjaða gagnasneið er 1,24 eyrir.

Fyrir fyrstu 250 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið fullt gjald.

Fyrir gagnasneiðar umfram 250 þúsund á mánuði er tekið 50% gjald.

2.3. Þegar notuð er fasttengd lína í gagnaflutningsnetinu er greitt ársfjórðungsgjald kr. 5.545,00 í stað sambandsgjalds og tímagjalds.

Þar að auki greiðist magngjald samkvæmt 2.2.3. af slíkum netleigulínum.

¹ Gildir einungis þegar hægt er að nota grunnbandsmótöld.

² Á þeim stöðum sem hægt er að veita þjónustu á þessum hraða.

3. Sérþjónusta.

- 3.1. Lokaður hópur um notendalínu.
- 3.1.1. Stofngjald kr. 6.000,00.
- 3.1.2. Ársfjórðungsgjald kr. 1.275,00.
Skráningargjald er kr. 535,00 og greiðist í hvert sinn sem beðið er um tengingu eða breytingu á tengingu við lokaða hópinn.
- 3.2. Aðrir möguleikar eru:
Læsing, eftirfarandi kostir bjóðast:
Lokað á öll innkomin uppköll.
Lokað á öll útfarandi uppköll.
Lokað til útlanda.
Lokað frá útlöndum.
Beint val.
Hópnúmer.
Flutningur á samtali.
Viðtakandi greiðir fyrir samtali.
- 3.2.1. Skráningargjald kr. 625,00 greiðist í hvert sinn sem beðið er um þjónustu, eina eða fleiri í senn.
- 3.2.2. Ársfjórðungsgjald kr. 153,00 fyrir hvern möguleika.

4. Viðtöku- og flutningsgjald.

- 4.1. Viðtökugjald fyrir fasttengda notendur er 1/2 stofngjald, háð hraða.
- 4.2.1. Flutningsgjald fyrir staðal X.25 er 1/2 stofngjald samkvæmt hraða 2400 b/s.
- 4.2.2. Flutningsgjald fyrir staðla X.3 og X.28 er 1/2 stofngjald samkvæmt hraða 300 b/s.

5. Skammtímatengingar.

- Eftirfarandi reglur gilda um skammtímatengingu við almenna gagnaflutningsnetið. Stofngjald er ekki tekið, en leigugjald er sem hér segir:
- 5.1. Fyrir X.25-línu. Fundið er notkunargjald á dag með því að deila 65 upp í ársfjórðungsgjald fyrir viðkomandi línu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda, þó aldrei lægra en fyrir 65 daga.
 - 5.2. Fyrir X.3/X.28-línu. Fundið er notkunargjald á dag með því að deila 55 upp í ársfjórðungsgjald fyrir viðkomandi línu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda, þó aldrei lægra en fyrir 55 daga.

6. Sundurliðun uppkalla.

- Rétthafa í gagnaflutningsnetinu er gefinn kostur á sundurliðun yfir uppköll. Á sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, hvenær og hve lengi sambandið var og fjöldi sendra og móttekinna gagnasneiða. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.
- 6.1. Ársfjórðungsgjald kr. 150,00.
 - 6.2. Gjald pr. samband kr. 1,00.

V. KAFLI

Háhraðanet.

Póst- og símamálastofnun starfrækir almennt háhraðanet til tölvusamskipta innanlands og á Internetinu. Skiptistöðvar eru víðs vegar á landinu og notendur eru ýmist tengdir

þeim með beinum línunum eða þeir velja sig inn á netið gegnum sjálfvirka símakerfið eða samnetið (ISDN). Hraði sendinga í netinu með beinum línunum er á bilinu 14,4 kb/s til 2 Mb/s. Í umsókn um aðgang að netinu skal tilgreina tegund sendingar og hraða. Notendum er óheimilt að veita öðrum aðila aðgang að netgátt sinni nema sérstök greiðsla komi til samkvæmt 2.1.9. eða 3.2.3.

1. Stofngjald.

- 1.1. Stofngjald fyrir fastan aðgang að háhraðanetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við einn leiðstjóra hjá notanda með einni ethernetnettingu (grunnnettingu), einni línu til stöðvar og IP-flutning:

1.1.1. Hraði (b/s)	14,4 kb/s ¹	28,8 kb/s ¹	64 kb/s ²	128 kb/s ²	256 kb/s ²	512 kb/s ²	1 Mb/s ²	2 Mb/s ²
Stofngjald kr.	35.000,00	35.000,00	45.000,00	58.500,00	76.000,00	98.000,00	128.000,00	166.000,00

- 1.1.2. Ef hraðinn er aukinn skal greiða mismun á stofngjaldi samkvæmt þessari gjaldskrá.
- 1.1.3. Fyrir tókanetningu í stað ethernetnettingar bætast kr. 15.000,00 við 1.1.1.
- 1.1.4. Fyrir tókatengingu auk grunnnettingar í sama leiðstjóra bætast kr. 60.000,00 við 1.1.1.
- 1.1.5. Fyrir ethernetnettingu auk grunnnettingar í sama leiðstjóra bætast kr. 40.000,00 við 1.1.1.
- 1.1.6. Fyrir aukalínu til stöðvar verður gjaldið 80% af hvorri tengingu samkvæmt 1.1.1.
- 1.1.7. Ef valdar eru aðrar samskiptareglur en IP hækka gjöldin í 1.1.1. um 10%.
- 1.1.8. Ef sami aðili notar fleiri en 10 tengingar er veittur afsláttur á eftirfarandi hátt:
Fyrir fyrstu 10 tengingar er tekið fullt gjald.
Fyrir næstu 10 tengingar er tekið 85% gjald.
Fyrir tengingar umfram 20 er tekið 75% gjald.
- 1.1.9. Stofngjald endabúnaðar fyrir 14,4 kb/s og 28,8 kb/s tengingar er kr. 30.000,00.
- 1.2. Innhringiaðgangur að háhraðanetinu er veittur gegnum almenna símakerfið með mótöldum samkvæmt staðlinum V.34 (hraði 28,8 kb/s eða lægri). Þá er einnig veittur aðgangur gegnum samnetið á einni B-rás (64 kb/s). Innifalið í þessari þjónustu er eitt Internet póstfang með 5 Mb geymslurými. Búnaður hjá notanda s.s. mótöld, leiðstjórnara og samnetsbúnaður er ekki innifalinn í þessari þjónustu né uppsetning hans.
- 1.2.1. Skráningargjald fyrir aðgang um almenna símakerfið er kr. 500,00
- 1.2.2. Skráningargjald fyrir aðgang gegnum samnetið er kr. 1.500,00
- 1.2.3. Stofngjald fyrir eigið inn- eða úthringinúmer³ er kr. 35.000,00.

2. Afnotagjald.

- 2.1. Afnotagjald á ársfjórðungi fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við einn leiðstjóra hjá notanda með einni ethernetnettingu (grunnnettingu), einni línu til stöðvar og IP-flutning:

2.1.1. Hraði (b/s)	14,4 kb/s ¹	28,8 kb/s ¹	64 kb/s ²	128 kb/s ²	256 kb/s ²	512 kb/s ²	1 Mb/s ²	2 Mb/s ²
Ársfj.gj. kr.	41.000,00	53.000,00	72.000,00	93.000,00	121.000,00	157.000,00	205.000,00	324.000,00

- 2.1.2. Fyrir tókanetningu í stað ethernetnettingar bætast kr. 5.000,00 við 2.1.1.

¹ Auk þess greiða notendur stofngjald og afnotagjald fyrir línur til skiptistöðva skv. gjaldskrá Pósts og síma fyrir leigulínur.

² Auk þess greiða notendur stofngjald og afnotagjald fyrir línur til skiptistöðva og endabúnað skv. gjaldskrá Pósts og síma fyrir leigulínur.

³ Óski notandi eftir úthringinúmeri þarf að sækja um það á því gjaldskrársvæði þar sem úthringing og svörun á sér stað. Notandi greiðir stofn- og afnotagjöld af þessu númeri til fjarskiptasviðs Pósts og síma.

- 2.1.3. Fyrir tókatengingu auk grunntengingar í sama leiðstjóra bætast kr. 50.000,00 við 2.1.1.
- 2.1.4. Fyrir ethernet tengingu auk grunntengingar í sama leiðstjóra bætast kr. 40.000,00 við 2.1.1.
- 2.1.5. Fyrir auka línu til stöðvar verður gjaldið 80% af hvorri tengingu samkvæmt 2.1.1.
- 2.1.6. Ef valdar eru aðrar samskiptareglur en IP hækka gjöldin í 2.1.1 um 10%.
- 2.1.7. Ef sami aðili notar fleiri en 10 tengingar er veittur afsláttur á eftirfarandi hátt:
 Fyrir fyrstu 10 tengingar er tekið fullt gjald.
 Fyrir næstu 10 tengingar er tekið 85% gjald.
 Fyrir tengingar umfram 20 er tekið 75% gjald.
 Ef tengingar eru á mismunandi hraða (verði) skal reikna afslátt á meðalafnotagjaldi tenginga.
- 2.1.8. Afnotagjald á ársfjórðungi fyrir endabúnað 14,4 kb/s og 28,8 kb/s tenginga er kr. 4.000,00.
- 2.1.9. Notandi með beina tengingu við háhraðanetið getur veitt þriðja aðila aðgang að gátt sinni og hækkar þá afnotagjald á ársfjórðungi samkvæmt hraða á tengingunni og reiknast 40% af viðeigandi lið í 2.1.1.
- 2.2. Fast gjald er tekið fyrir innhringiaðgang en síðan er greitt fyrir notkun samkvæmt tímamælingu¹.
- 2.2.1. a) Ársfjórðungsgjald fyrir aðgang um almenna símakerfið er kr. 900,00
 b) Ársfjórðungsgjald fyrir aðgang um samnetið er kr. 3.000,00
- 2.2.2. Tímagjald er miðað við mínútu. Fyrir hverja byrjaða mínútu er tímagjald:
 a) Fyrir aðgang um almenna símakerfið kr. 0,90
 b) Fyrir aðgang um samnetið kr. 1,58
- 2.2.3. Notandi með eigið inn- eða úthringinúmer² greiðir kr. 15.000,00 ársfjórðungslega auk gjalda samkvæmt 2.2.1 eða 2.2.2.

3. Internettengingar.

Póstur og sími rekur sérstaka tengingu við Internetið fyrir IP tölvusamskipti frá Lands-símahúsinu v/Austurvöll í Reykjavík. Notendur hafa aðgang að þessari þjónustu með beinum línunum til Landssímahússins eða með tengingu um háhraðanetið. Hraði á sambandinu getur verið á bilinu 14,4 kb/s til 512 kb/s. Notendum er óheimilt að veita öðrum aðila aðgang að netgátt sinni nema sérstök greiðsla komi til samkvæmt 3.2.3.

- 3.1. Stofngjald fyrir aðgang að Internetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við einn leiðstjóra með einni ethernet tengingu, einni línu til Landssímahúss og IP flutning:

3.1.1. Hraði (b/s)	14,4 kb/s ³	28,8 kb/s ³	64 kb/s ⁴	128 kb/s ⁴	256 kb/s ⁴	512 kb/s ⁴
Stofngjald kr.	35.000,00	35.000,00	45.000,00	58.500,00	76.000,00	98.000,00

¹ Til viðbótar gjöldum samkvæmt 2.2.1., 2.2.2. og 2.2.3. kemur greiðsla vegna notkunar á almenna símakerfinu eða samnetinu.

² Óski notandi eftir úthringinúmeri þarf að sækja um það á því gjaldskrársvæði þar sem úthringing og svörun á sér stað. Notandi greiðir stofn- og afnotagjöld af þessu númeri til fjarskiptasviðs Pósts og síma.

³ Auk þess greiða notendur stofngjald og afnotagjald fyrir línur til skiptistöðva skv. gjaldskrá Pósts og síma fyrir leigulínur.

⁴ Auk þess greiða notendur stofngjald og afnotagjald fyrir línur til skiptistöðva og endabúnað skv. gjaldskrá Pósts og síma fyrir leigulínur.

- 3.1.2. Notendur háhraðanetsins geta nýtt tengingar sínar til Internetsamskipta án þess að greitt sé viðbótarstofngjald.
- 3.1.3. Stofngjald endabúnaðar fyrir 14,4 kb/s og 28,8 kb/s tengingar er kr. 30.000,00.
- 3.2. Afnotagjald á ársfjórðungi fyrir aðgang að Internetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við einn leiðstjóra með einni ethernetnettingu, einni línu til Landssímahúss og IP flutning:
- | | | | | | | |
|--------------------|------------------------|------------------------|----------------------|-----------------------|-----------------------|------------------------|
| 3.2.1. Hraði (b/s) | 14,4 kb/s ¹ | 28,8 kb/s ¹ | 64 kb/s ² | 128 kb/s ² | 256 kb/s ² | 512 kb/s ¹² |
| Ársfj.gj. kr. | 29.400,00 | 55.500,00 | 126.000,00 | 239.400,00 | 454.800,00 | 864.000,00 |
- 3.2.2. Notendur háhraðanetsins geta nýtt tengingar sínar til Internetsamskipta og er greitt fyrir það ársfjórðungslega í samræmi við 3.2.1. en með 30% afslætti.
- 3.2.3. Notandi með beina tengingu við Landssímahúsið getur veitt þriðja aðila aðgang að gátt sinn og hækkar þá afnotagjald á ársfjórðungi samkvæmt hraða á tengingunni og reiknast 50% af viðeigandi lið í 3.2.1.
- 3.2.4. Notandi sem veitir innhringipjónustu um gátt sína greiðir sérstakt gjald fyrir sérhvern notanda innhringipjónustunnar sem er kr. 300,00 á ársfjórðungi.
- 3.2.5. Afnotagjald á ársfjórðungi fyrir endabúnað 14,4 kb/s og 28,8 kb/s tenginga er kr. 4.000,00.

4. Skammtímatengingar.

Eftirfarandi reglur gilda um skammtímatengingu við almenna háhraðanetið. Stofngjald er ekki tekið, en leigugjald er sem hér segir:

- 4.1. Fundið er notkunargjald á dag með því að deila 60 upp í ársfjórðungsgjald fyrir viðkomandi hraða á tengingunni. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda, þó aldrei lægra en fyrir 30 daga.

VI. KAFLI

Gagnahólf.

Notendur tengjast kerfinu annað hvort sem útstöð eða með einkakerfi. Einkakerfi er pósthús hjá notanda sem vinnur samkvæmt X.400 staðli eða öðrum aðferðum t.d. MSMail og cc:Mail. Útstöð tengist gagnahólfakerfinu um gagnanetið eða sjálfvirka símakerfið og fylgir eitt pósthólf slíkri tengingu. Einkakerfi tengjast gagnahólfakerfinu um gagnanetið, háhraðanetið eða sjálfvirka símakerfið. Á þessari gjaldskrá eru einungis gjöld fyrir notkun innan gagnahólfa og fyrir sérþjónustur. Gjald fyrir flutning milli landskerfa er ákveðið hverju sinni í samræmi við alþjóðasamninga og gengisskráningu.

1. Stofngjald.

1. Stofngjald fyrir afnot af gagnahólfi.	Kr.
1.1. Fyrir útstöð	3.330,00
1.2. Fyrir einkakerfi.....	16.630,00

¹ Auk þess greiða notendur stofngjald og afnotagjald fyrir línur til skiptistöðva skv. gjaldskrá Pósts og síma fyrir leigulínur.

² Auk þess greiða notendur stofngjald og afnotagjald fyrir línur til skiptistöðva og endabúnað skv. gjaldskrá Pósts og síma fyrir leigulínur.

2. Afnotagjald.

2.1.	Ársfjórðungsgjald fyrir afnot af gagnahólfi.	
2.1.1.	Fyrir útstöð.....	1.110,00
2.1.2.	Fyrir einkakerfi.....	5.545,00
2.2.	Magngjald er tekið fyrir hverja byrjaða magneiningu sem er 1024 stafir (bæti).	
2.2.1.	Sending á fyrstu 2048 stöfunum í skeyti, hver eining.....	5,36
2.2.2.	Sending umfram 2048 stafi í skeyti, hver eining	3,75
2.2.3.	Sending umfram 10240 stafi í skeyti, hver eining	2,14
2.2.4.	Fyrir sendingar umfram 2048 þúsund (2 Mb) stafi á mánuði er veittur 50% afsláttur. Afslátturinn skiptist á magneiningar samkvæmt 2.2.1., 2.2.2. og 2.2.3. eins og hlutfall þeirra af heildar-einingafjölda segir til um.	
2.3.	Tímagjald er tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.	
2.3.1.	Fyrir útstöð.....	1,61
2.4.	Geymslugjald er tekið fyrir hverja 1024 stafi í sólarhring. Þó eru fyrstu 4096 stafirnir án gjalds.	
2.4.1.	Fyrir útstöð.....	0,43
2.5.	Grunngjald fyrir hvert sent skeyti	2,14
2.6.	Gjald fyrir þjónustueiningar. Kerfið býður upp á ýmsar þjónustueiningar. Tekið er gjald fyrir eftirfarandi:	
2.6.1.	Tilkynning um afhendingu.....	6,00

3. Sérþjónusta.

Þessi gjöld koma til viðbótar öðrum gjöldum sem áður eru talin.

3.1.	Sending á telexi	
3.1.1.	Gjald fyrir hvert sent telex	15,60
3.1.2.	Gjald fyrir hverja senda 400 stafi.....	7,30
3.2.	Sending á faxi	
3.2.1.	Gjald fyrir hvert sent fax	15,60
3.2.2.	Gjald fyrir hverja senda 1024 stafi.....	11,40

4. Sundurliðun reikninga.

Réttthafa er gefinn kostur á sundurliðun yfir uppköll. Á sundurliðun kemur fram hverjum var sent skeyti þ.m.t. telex og fax, hvenær og hve stórt skeytið var. Á sama hátt eru sundurliðaðar tilkynningar um afhendingu. Að auki er sundurliðaður tengitími hvers sambands, þ.e. hvenær og hve lengi það varir og geymslumagn eftir dögum. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.

- 4.1. Ársfjórðungsgjald kr. 150,00.
- 4.2. Gjald fyrir hverja færslu kr. 1,00.

VII. KAFLI**1. Almennir skilmálar.**

- 1.1. Sá sem óskar að fá fjarskiptaþjónustu eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn. Þar til gerð

eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símsstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun notendabúnaðar og sambanda.

- 1.2. Krefjast má þess að notendur fjarskiptaþjónustu setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot af þjónustunni.
- 1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður við hvaða stöð notendabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer ef það telst nauðsynlegt.
- 1.4. Verði bilun í fjarskiptavirki eða í notendabúnaði sem Póst- og símamálastofnunin hefur látið í té ber þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símsstöðvar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því þótt fjarskiptasamband rofni um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er sambandið er rofið, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
- 1.5. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu fjarskiptaþjónustu hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.
- 1.6. Hægt er að fá símanúmer geymt í umsaminn tíma gegn greiðslu afnotagjalds.
- 1.7. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um fjarskiptaþjónustu eða útiloka frá fjarskiptum um stundarsakir eða að fullu sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu fjarskiptaþjónustunnar eða ef búnaður þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
- 1.8. Sé samband einhvers notanda óhæfilega oft upptekið að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar getur stofnunin krafist þess að notandinn fallist á lagfæringar.
- 1.9. Verðskrá sú er póst- og símamálastjóri gefur út fyrir notendabúnað skal liggja frammi á símsstöðvum.
- 1.10. Þeir sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á notendabúnaði eða fjarskiptaneti í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til þjónustunnar og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þýngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður réttihafi ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á notendabúnaði hans.
- 2.2. Gjaldldagi fyrir fjarskiptaþjónustu er fyrsti hvers mánaðar. Póst- og símamálastofnun skal sjá svo um að reikningar séu sendir notendum með góðum fyrirvara.
- 2.3. Eindagi gjaldanna er 15 dögum eftir gjaldldaga. Falli gjöldin í eindaga, ber notanda að greiða dráttarvexti af gjaldskuldinni frá gjaldldaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögtaksréttur sbr. 9. gr. fjarskiptalaga nr. 73/1984 og 1. grein 3. töluliðar lögtakslaga nr. 29/1885.
- 2.4. Frá 15. næsta mánaðar eftir gjaldldagann er heimilt að beita útilokun fjarskiptasambanda gagnvart þeim notendum sem skulda vangreidd gjöld krónur 1.000,00 eða meira þar til þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Innheimt verður gjald krónur 170,00 fyrir enduropnun sambanda.

- 2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjalddaga þeirra er heimilt að beita útilokun frá fjarskiptum fyrirvaralaust nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotatímabili.

3. Uppsögn.

Segja má fjarskiptasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara nema þar sem sérákvæði gilda og skal uppsögn vera skrifleg.

VIII. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti með áorðnum breytingum samkvæmt 5. gr. laga nr. 32 frá 1993 og gengur í gildi 1. apríl 1996. Reiknast nýju gjöldin fyrir þjónustu veitta 1. apríl 1996 eða síðar. Jafnframt falla þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 432 26. júlí 1995.

Póst- og símamálastofnuninni, 22. mars 1996.

Ólafur Tómasson.

Guðmundur Björnsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 500/1989, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna, með síðari breytingum.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Endurgreiða skal að lágmarki þá fjárhæð sem tilgreind er á töflu sem er að finna á fylgiskjali við reglugerð þessa.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Aðilar, sem til þess hafa hlotið leyfi fjármálaráðuneytisins, annast endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

Við brottför úr landi um alþjóðaflugvöllinn á Keflavíkurflugvelli skal kaupandi framvísa varningi í innsigliðum umbúðum ásamt endurgreiðsluávísun til endurgreiðsluaðila, er leysir hana til sín, enda séu skilyrði reglugerðar þessarar að öðru leyti uppfyllt. Ef fjárhæð endurgreiðslu nemur hærri fjárhæð en 5.000 kr. skulu tollyfirvöld hafa staðfest útlutning vöru með áritun á ávísunina.

Við brottför annars staðar frá landinu skal varningi í innsigliðum umbúðum framvísað við tollgæsluna sem ganga skal úr skugga um að skilyrði fyrir endurgreiðslu séu fyrir hendi. Séu öll skilyrði uppfyllt skal tollgæslan staðfesta það með áritun sinni á ávísunina. Kaupandi skal innan þriggja mánaða frá staðfestingu tollyfirvalda afhenda eða senda ávísunina til endurgreiðsluaðila, sem leysir hana til sín.